

Skoðun á fossum í Öxnadalsá
Álitsgerð

Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson
Mars 1995

Unnið fyrir Veiðifélag Hörgár

Veiðimálastofnun VMSTR/95009X

X þýðir takmörkuð útbreiðsla

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Inngangur

Vatnasvið Hörgár, sem Öxnadalsá tilheyrir, er 710 km². Hörgá er 44 km að lengd, en 17 km frá sjó fellur Öxnadalsá í hana og er hún 35 km löng. Árnar eru dragár með jökuláhrifum. Árnar eiga upptök í miklu hálendi og geta flóð einkum á vorin (júni) orðið mikil (Sigurjón Rist 1990). Yfirleitt eru ár á þessum slóðum því kaldar og snauðar lífi þar sem gróður er takmarkaður og jarðvegur grunnur. Rafleiðni, sem gefur hugmynd um magn uppleystra steinefna í vatninu, er lág eða um 26 µS/sm. Bleikja er ríkjandi fisktegund (Sigurður Guðjónsson 1990). Sjóbleikja hrygnir í ferskvatni þar alast seiðin upp. Eftir nokkur ár í ferskvatni ganga seiðin til sjávar að vori þar sem þau taka út vöxt yfir sumartímann. Bleikjan gengur aftur í ferskvatn fyrir haustið og hefur vetursetu í ferskvatni. Í Hörgá er uppistaðan í stangveiðinni sjóbleikja, auk nokkurra urriða og örfárra laxa á sumri hverju. Á liðnu sumri veiddust þar 1590 bleikjur, 38 urriðar og 1 lax (Guðni Guðbergsson 1995).

Hörgá er fiskgeng inn fyrir bæinn Flögu. Í Öxnadalsá skammt ofan ármóta við Hörgá, ofan við Bægisá, eru fossar og var einn þeirra talinn hugsanleg gönguhindrun fyrir fisk. Annar foss er inn við bæinn Hraun og var hann einnig talinn geta hamlað fiskför. Þar ofan við er áin fiskgeng upp í fjallsrætur.

Aðferðir

Að beiðni Veidifélags Hörgár voru í lok ágúst skoðaðir fossar í Öxnadalsá með tilliti til hvort þeir væru fiskgengir. Einnig var litið á fossana tvisvar fyrr um sumarið.

Einnig voru seiði veidd með rafmagni á nokkrum stöðum í Öxnadalsá, bæði ofan og neðan við þessa fossa. Einnig var rafveitt í Hörgá (Mynd 1).

Árnar voru skoðaðar lauslega með tilliti til uppeldisskilyrða fyrir bleikjuseiði, en seiði er einkum að finna þar skjól sem möl og grjót myndar er í botni.

Niðurstöður og umræða

Fossar

Fossar eða flúðir eru í þrengingunum í Öxnadalsá ofan við ármót Bægisár. Fossar eru bæði ofan og neðan við gömlu brúna. Við brúna að bænum Hrauni er einnig foss í ánni.

Rennsli Öxnadalsár er mjög breytilegt. Á göngutíma sjóbleikju er þó rennslið yfirleitt ekki mjög mikið, en er þó verulega háð úrkomumagni og hitafari. Fossarnir voru skoðaðir í lok ágúst í litlu rennsli. Fyrir um sumarið þegar litið var á fossana var meira rennsli.

Fossinn ofan við Bægisá er erfiður uppgöngu fyrir sjóbleikju, nema í ákveðnu rennsli. Gera má fossinn greiðfærari með því að dýpka efsta hluta rennu við hlið fossins (Ljósmynd 1) og hleypa þannig vatni á hana. Vatn rennur um rennuna í miklu vatni, en í litlu vatni er hún þurr. Neðst í rennuna þar sem hún er bröttust mætti setja 2-4 þrep með grjóthleðslum, fleygun eða steypu. Styrkja má þrepin með járnbindingu við bergið. Með þessum aðgerðum mætti auðvelda fiski för upp fossinn. Aðrir fossar á þessum slóðum virðast ekki vera gönguhindrun fyrir fisk.

Fossinn við Hraun er minni gönguhindrun, en fossinn við Bægisá, þó hann geti orðið ófær við ákveðið rennsli. Ekki er því ástæða að aðhafast neitt við þann foss, auk þess sem hann er ofarlega í vatnakerfinu og bleikja kemur eflaust fremur seint að honum.

Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði

Hörgá rennur í nokkrum halla niður fyrir ármót Öxnadalsár og eru á köflum grýttir kaflar þar sem skilyrði fyrir seiði eru góð. Á þessu svæði var rafveitt á 3 stöðum og fundust þar bæði vorgömul og árgömul bleikjuseiði í nokkru magni (Mynd 2). Neðar er Hörgá flatari og um leið finni í botninn og því minna um skjól í botni og er því væntanlega minni seiðaframleiðsla, en eflaust eru einhver seiði á því svæði sérstaklega þar sem skjól er. Ekki var reynt að veiða á þessu svæði, enda utan við verkbeiðni.

Í Öxnadalsá var veitt á 4 stöðum og fundust þar frá vorgömlum seiðum upp í tveggja ára seiði (Mynd 3). Þéttleiki var mismikill og réði botngerð miklu um hann. Öxnadalsá er flöt og rennur um hallalítið land eftir að upp úr þrengingunum neðst í ánni kemur. Þar er lítil seiðaframleiðsla. Er svo upp að bænum Hrauni en þar er halli á farveginum meiri og áin grýttari í botninn. Straumhraði er á köflum það mikill þar að seiði fæ ekki þrifist. Ofan við þennan kafla minnkar halli aftur og verður áinn

finni í botninn og minna um skjól fyrir seiði. Halli árfarvegarins eykst á ný þegar nálgast gömlu brúna við Bakkasel og er þar bæði halli og um leið grjótskjól fyrir seiði á köflum upp í fjallsrætur. Neðri hluti þessa svæðis var skemmdur vegna malartekju vegna vegagerðar en er að lagast á ný. Af seiðamagni í ánni og því að allir árgangar finnast þar (Tafla 1) er ljóst að bleikja kemst upp fossana til hrygningar.

Komið hefur fram í rannsóknum að talsverðar sveiflur eru á seiðabúskap sjóbleikju í Svarfaðardalsár, sem er nærri Hörgá og náskyld að vistgerð (Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson 1993). Hversu mikil áhrif sveiflur í seiðabúskap hafa á sveiflur í veiði, samanborið við afkomu í sjó, á eftir að koma í ljós eftir nokkura ár rannsóknir. Full ástæða væri að fylgjast með seiðabúskap Hörgár, samhliða seiðabúskap Svarfaðardalsár. Að loknum þeim rannsóknum ætti að liggja fyrir nauðsynleg þekking á því hvort hægt sé að auka veiði á bleikju í ánum og/eða að draga úr veiðisveiflum.

Mikilvæg er að veiðiskráning sé í góðu lagi en fjöldi skráðra fiska er mælistika á verðmæti veiðinnar í vatnakerfinu. Góð veiðiskráning er einnig forsenda þess þegar meta áhrif einhverja aðgerða í ánum. Skoða þyrfti sérstaklega hvernig veiðin dreifist innan ársins. Ef stórir kaflar eru án veiði er mögulegt að útbúa þar staði með grjótgörðum svo að fiskur staldri þar við og um leið er kominn veiðistaður. Veiðimálastofnun er reiðubúin að aðstoða veiðifélagið í þessu. Verðmæti silungsveiða, einkum sjógengis silungs hefur verið að aukast á síðustu árum. Í vatnakerfi Hörgár veiðist umtalsvert af sjóbleikju og fer verðmæti þeirrar veiði væntanlega vaxandi á komandi árum. Hörgá er og verður bleikjuá þó að vottur að laxi veiðist í ánni á ári hverju. Miðað við núverandi þekkingu er ekki líklegt að arðbært sé að auka þar laxveiði.

Heimildir


Guðni Guðbergsson 1995. Laxveiðin 1994. Veiðimálastofnun VMSTR/95008.





Sigurður Guðjónsson 1990. Classification of Icelandic watersheds and rivers to explain life history strategies of Atlantic salmon. Ph. D. thesis. Oregon State University. Corvallis. 136 s.

Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson 1993. Rannsóknir á sjóbleikju í Svarfaðardalsá. VMSTR/93022.






Sigurjón Rist 1990. Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.

1. Mynd. Rafveiðistöðvar í Hörgá (I-III)
og Öxnadalsá (A-D) 1994.





2. Mynd. Fjöldi, lengd og aldur bleikjuseiða í rafveiði í Hörgá í ágúst 1994.





3. Mynd. Fjöldi, lengd og aldur bleikjuseiða í rafveiði í Öxnadalsá í ágúst 1994.

Tafla 1. Þéttleiki bleikjuseiða í Hörgá og Öxnadalsá í ágúst 1994, umreiknað á 100 fermetra. Seiðunum var safnað með einni rafveiðiyfirferð á hverri stöð.

Vatnsfall	Fjöldi stöðva	Heildar flatarmál stöðva (m ²)	Fjöldi seiða á hverja 100 m ²			Allir aldurshópar
			Eftir aldurshópum			
			0+	1+	2+	
Hörgá	3	850	4,6	1,5		6,1
Öxnadalsá	4	780	1,2	1,7	0,3	3,1

RENNA
SEM PARE
AD DYRKA



1. Ljósmynd. Foss í Öxnadalsá

BÚA TIL PREP

